

Svör frá stjórnmalaflokkum. Spurning 5.

Hver er stefna flokksins í geðheilbrigðismálum og þá sérstaklega þegar horft er til geðheilbrigðismála barna og ungmenna?

Punktur úr svörum framboðanna. Öll svörin má finna á samfok.is

- A – Björt framtíð segir mikilvægt að um geðheilbrigðisstefnuna ríki sátt og samráð. Þau vilja fjölga sálfræðingum í skólum og heilsugæslum og tryggja gjaldfrjálsan aðgang barna og unglunga að sálfræðingum sem og geðlæknum.
 - B – Framsókn fagnar nýrri geðheilbrigðisstefnu. Þau vilja að þjónusta sálfræðinga sem og önnur heilbrigðisþjónusta verði niðurgreidd. Þau sjá fyrir sér geðheilsustöðvar sem hluta af almennri heilsugæslu og geðheilbrigðismiðstöð á landsvísu.
 - C – Viðreisn er er með áherslu á heilsueflingu og forvarnir. Þau vilja bætt aðgengi að sálfræðiþjónustu, ekki síst fyrir börn og unglunga, jafnvel í gegnum netið. Þau vilja heilsueflandi skóla þar sem hugað er að hreyfingu, næringu og geðrækt.
 - D – Sjálfstæðisflokkurinn vísar í nýsamþykka geðheilbrigðisstefnu. Þau vilja auka framboð sálfræðiþjónustu í heilsugæslunni, koma á fót geðheilsuteymum og styrkja BUGL. Vilja stofna verði teymi til að styðja við fjölskyldur, geðrækt í skólum og að skimað verði fyrir kvíða og þunglyndi hjá grunnskólabörnum og viðeigandi meðferð veitt.
 - P – Píratar vilja að sálfræðiþjónusta verði niðurgreidd og hluti af almennu heilbrigðiskerfi. Þau segja að heilbrigðiskerfið verði að þjónusta alla, sérstaklega þá sem eru í viðkvæmri stöðu.
 - R – Alþýðufylkingin byggir stefnu sína á félagslegu réttlæti og öryggi sem mun styrkja almenna geðheilsu allra þjóðarinnar.
 - S – Samfylkingin vill að geðheilbrigðisþjónusta verði aðgengileg fyrir alla og að sálfræðiþjónusta verði ókeypis fyrir ungt fólk. Þau vilja auka fjármang til BUGL og þjónustu við geðsjúka á Akureyri. Þau ætla að koma geðheilbrigðisstefnunni í framkvæmd, og gera heilbrigðisþjónustu ókeypis í skrefum, þ.á.m. kostnað geðlækna.
 - T – Dögun vilja stórefla heilbrigðisþjónustu í heimabyggð, þ.á.m. þjónustu geðlækna og sálfræðinga. Vilja að kerfin vinni saman svo börn fái heildstæða þjónustu og séu ekki send á milli stofnanna.
 - V – Vinstri græn vilja gjaldfrjálsa sálfræðiþjónustu og að geðheilbrigðisþjónusta verði aukin og gerð aðgengileg fyrir börn og ungmenni. Þau leggja áherslu á nærþjónustu, forvarnir og endurhæfingu.
-

SAMFOK, Barnaheill – Save the Children á Íslandi, ADHD samtökin, Einhverfusamtökin, Sjónarhóll, Olnbogabörn, Umboðsmaður barna, Heimili og skóli – Landssamtök foreldra, Landssamtökin Þroskahjálp, Umhyggja – félag langveikra barna, UNICEF á Íslandi, Foreldraráð Hafnarfjarðar, Málefli, Tourette-samtökin.